

Þegar vér með athygli lesum gamla testamentið, munum vér finna, að Gyðingar höfðu upphaflega mjög einfeltnislegar og klúrar hugmyndir um Guð. Þeir tala um hann öldungis eins og hvern annan breyskan mann. Hann fer og gengur með Adam í aldingarðinum og talar við hann, hann kemur til Abraham og þyggur kálfssteik og rjóma, hann verður reiður og iðrast þess daginn eftir, sem hann hefur gert daginn áður (sjá 1. Mós. 3, 8; 18, 6 og áfram; 6, 6). Í upphafi skoðaði Gyðingalýður Guð sinn að mestu leyti sem sólarguð við hliðina á Baal og Mólok, sólguð. um heiðnu þjóðanna, er í kring þjuggu. Af þessu leiddu hin tíðu fráhvörf Gyðinga til heiðingja, guðanna, sem þér munið úr biblíu-sögunni; af þessu kom sá siður þeirra, að hengja búka veginna óvina<sup>1)</sup> út í sólskininu (4. Mós. 25, 4; Jós. 10, 26. 27); af því risu hinar mörgu kvartanir spámannanna, eins og þegar Amos lætur Drottinn segja við lýðinn: „Var það mér til heiðurs, Ísraelsmenn, að þér færdúð<sup>2)</sup> brennifórnir og matarfórnir þau 40 ár, sem þér voruð í eyðimörkinni? Nei, þér báruð tjald yðvars Móloks, og Kíún, yðar líkneski, stjörnu yðvars<sup>3)</sup> guðs, er þér höfðuð gert yður“ (Am. 5, 25. 26). Eftir Kroníkubókunum átti jafnvel Sál son, er hét Jónatan (sá er Jahve í Gyðinga-guðinn) hefir gefið, en annan, sem hét Esbaal (maður Baals), og Davíð átti son að nafni Beeljada (Baal veit) 1. Kron. 8, 33; 9, 39; 14, 7. Og Salómon byggði, sem þér vitið, hæðir<sup>4)</sup> og guðalíkneski fyrir Mólok og Móabs guði. Þetta sýnir, að guðshugmyndir jafnvel hinna helztu manna meðal Gyðinga voru býsna óhreinar. Því var það og, að Esekía

1) Réttari framburður á Jehóva.